



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Hvatning forseta Íslands til ungra Íslendinga afhent ungmennum á Akureyri

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar til Akureyrar 11. apríl 2005 hlutu 23 ungmenni „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.“ Hvatningin var afhent á fjölskylduhátíð í Íþróttahöllinni. Þau sem hlutu hvatningu eru:

1. **Aðalbjörn Tryggvason, 15 ára**, Bröttuhlíð. Hann hefur sýnt frábæran árangur á landsvísu í meðferð vélsleða og mótörhjola og í íþróttum á því sviði ásamt því að búa yfir ríkulegri kunnáttu um meðferð véla og tækja.
2. **Aldís Bergsveinsdóttir, 9 ára**, Drekgagli. Hún hefur þratt fyrir ungan aldur sýnt mjög góða eiginleika við nám og í framkomu allri, lagt ríka rækt við að vera jákvæð og glöð, einstakur vinur sinna bekkjarfélaga.
3. **Aleksandra Lapenko, 16 ára**, Hafnarstræti. Hún hefur sýnt fádæma elju og dugnað við að tileika sér nýtt tungumál eftir að hún kom hingað frá Lettlandi og við að kynnast siðum og menningu Íslendinga. Hún hefur jafnframt reynst afburða nemandi í stærðfræði, hefur listræna hæfileika, vann m.a. til verðlauna í nýsköpunarkeppni grunnskóla í hönnun.
4. **Andrea Ösp Karlsdóttir, 15 ára**, Dalsgerði. Hún er afburðamanneskja í íþóttum og í fremstu röð í sundi, er m.a. í landsliðinu. Hún er einnig jákvæð, glaðleg og hæfileikarík.
5. **Aron Einar Gunnarsson, 16 ára**, Skarðshlíð. Hann er einn efnilegasti knattspyrnu- og handknattleiksmaður Íslands í sínum aldursflokki og hefur verið til fyrirmyndar öðrum við að sýna hverju dugnaður og einbeitni geta skilað.
6. **Bergþór Steinn Jónsson, 15 ára**, Stórholti. Hann er góður námsmaður sem ávallt er hjálpsamur og reiðubúinn að aðstoða aðra en hefur einnig staðið sig vel í íþróttum, er m.a. Íslandsmeistari í júdo í sínum aldursflokki.
7. **Birgir Freyr Árnason, 13 ára**, Hjallalundur. Hann hefur þratt fyrir að vera heyrnarskertur sýnt góðan árangur, staðið jafnfætis öðrum í námi og starfi þótt hann eigi við fötlun að glíma. Mikill baráttumaður og fullur metnaður, sýnir hvernig hægt er að sigrast á erfiðleikum.

8. **Einar Rafn Stefánsson, 11 ára**, Heiðarlundi. Hann hefur reynst þrúður og duglegur nemandi sem skilað hefur góðum árangri þrátt fyrir að þurfa að glíma við erfiða lesblindu. Jafnhliða námi hefur hann verið kappsamur við æfingar, bæði í handbolta og fótbolta.
9. **Elísa Sól Pétursdóttir, 6 ára**, Lögbergsgötu. Hún hefur þrátt fyrir alvarlegan taugasjúkdóm staðið sig eins og hetja í skólanum og tekið þátt í leik og námi með jafnöldrum sínum, beitt hjálpartækjum af skynsemi sér til stuðnings. Hún er glaðleg og gefst aldrei upp við að leysa verkefni sín af ánægju og gleði.
10. **Eva Hafdís Ásgrímsdóttir, 14 ára**, Möðrusíða. Hún hefur tekist á við erfiðleika í lífinu með kjarki og dugnaði, sýnt mikinn félagslegan þroska og ávallt tilbúin að hjálpa þeim sem á þurfa að halda. Hún er einnig ágætur námsmaður og kappsöm í íþróttum.
11. **Guðbjörn Ólsen Jónsson, 15 ára**, Ægisgötu. Hann náði góðum árangri þrátt fyrir glímu við erfiðleika, hefur unnið sér vinsældir bæði nemenda og starfsfólks skólans og tekur mikinn þátt í félagslífi, hefur sýnt listrænan áhuga.
12. **Herdís Helgadóttir, 14 ára**, Ránargötu. Hún hefur verið dyggur liðsmaður unglingastarfs Hjálpræðishersins og er einnig kröftug og kappsöm í skólanum, áreiðin og samviskusöm og þorir að standa við sannfæringu sína.
13. **Jan Erik Jessen, 16 ára**, Dvergagili 12. Hann hefur sýnt framúrskarandi námsárangur og hefur eiginleika sem valda því hann er oft valinn til forystu þegar þarf að framfylgja hagsmunum nemenda, er fylginn sér, háttvís og rökfastur.
14. **Jóhann Þór Hólmgrímsson, 12 ára**, Möðrusíða. Í glímunni við erfiða fötlun hefur hann sýnt að hann er mikil hetja, kvartar aldrei og reynir að taka þátt í athöfnum jafnaldra sinna. Hann hefur ávallt sýnt æðruleysi. Vegna dugnaðar og jákvæðs hugafars hefur hann unnið sér hylli félaga sinna.
15. **Kristín Rósa Jóhannsdóttir, 11 ára**, Hjallalundi. Hún hefur þrátt fyrir fötlun og sjúkdóm sem hún glímdi við sýnt eljusemi og dugnað, kappkostað að stunda talþjálfun og hreyfiþjálfun, er vel skipulögð og ávallt jákvæð þótt erfiðleikar blasi við.
16. **Kristín Jónsdóttir, 11 ára**, Mosateigi. Hún er gott dæmi um einstakling sem lætur ekki erfiðan sjúkdóm hafa neikvæð áhrif á líf sitt og hefur reynst duglegur nemandi bæði í bóklegum og verklegum greinum, æfir píanóleik og sund og tekur þátt í íþróttamótum fatlaðra.
17. **Magnús Arturo Batista, 13 ára**, Bakkasíðu. Hann býr yfir mikilli elju og keppnisskapi sem skilaði þeim árangri að hann vann stóru upplestrarkeppnina á Akureyri á síðasta skólaári. Hann er kurteis og þrúður og ávallt reiðubúinn að leggja mikið á sig til að ná settu marki.

18. **Niels Erlingsson, 14 ára**, Vanabyggð. Hann er hjartahreinn og heiðarlegur, kappkostar að koma vel fram við alla, hefur tekið virkan þátt í félagslífi, einkum í unglíngastarfi Hjálpræðishersins og nýtur virðingar meðal félaga sinni fyrir góðsemi og vináttu.
19. **Rósa Ösp Traustadóttir, 14 ára**, Byggðavegi. Þrátt fyrir fötlun hefur hún ávallt fylgt sínum bekk frá fyrsta degi, er glaðvær og tekur virkan þátt í íþróttum fatlaðra, fyrirmynd sem sýnir hvernig hægt er að sigrast á erfiðleikum.
20. **Sigrún María Óskarsdóttir, 10 ára**, Reynilundi. Hún lenti í bílslysi fyrir nokkrum árum en hefur tekist að vinna með fötlun sinni, er mikil baráttumanneskja sem stundar námið af kappi.
21. **Silvía Rán Sigurðardóttir, 13 ára**, Litluhlíð. Hún hefur sýnt fjölþætta hæfileika, er góður námsmaður, hefur gaman af leiklist og hefur tekið þátt í Íslandsmeistaramóti í fimleikum. Ágætt dæmi um fjölhæfan nemanda.
22. **Steinn Gunnarsson, 15 ára**, Hrafnagilsstræti. Hann hefur verið afburða námsmaður í öllum greinum, en einnig náð góðum árangri í íþróttum, er m.a. í landsliðsúrtaði í knattspyrnu, hefur auk þess góða hæfileika í tónlist og er frábær fyrirmynd hvar sem hann fer.
23. **Zorana Kotaras, 12 ára**, Snægili. Hún kom hingað í hópi flóttafólks frá Serbíu fyrir tveimur árum og hefur aðlagast nýja landinu vel, hefur náð góðum tókum á íslensku og er fróðleiksfús og full metnaðar.

11. apríl 2005.

Gunnar Vigfússon ljósmyndari tók myndir af afhendingunni. Sími 894 4404